

## Skipulag

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir	<i>Dagsetning:</i>	21.02.23
<i>Fundarritari:</i>	Viktor S. Pálsson	<i>Fundartími:</i>	13:00-13:43

*Pátttakendur:* Sigurborg Daðadóttir (yfirdýralæknir, formaður fagraðs) Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands) Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) Anna Berg Samúelsdóttir (f.h. Dýraverndarsambands Íslands) og Guðrún Birna Brynjarsdóttir varamaður Hilmars Vilbergs Guðjónssonar (f.h. Bændasamtaka Íslands) og Sigríður Björnsdóttir (Dýralæknir hrossasjúkdóma)

## Dagskrá

### 1. Fundargerð.

*Fundargerð síðasta fundar samþykkt.*

### 2. Umsóknir um framlengingu á leyfum til tilrauna á dýrum:

- a) Greining á tjáningu og hlutverki MITF umritunarþáttarins í músum (framhald).

*Fagraðið veitir samróma jákvæða umsögn.*

- b) Breyting á umsókn um Endurnýjun á: Umsókn um leyfi til framleiðslu á einstofna mótetnum í erfðabreyttum músum.

*Fagraðið veitir samróma jákvæða umsögn.*

Bókun Önnu Berg Samúelsdóttur, ftr. DÍS:

*Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir sérstakri bókun um þá afstöðu DÍS vegna dýratilrauna að alltaf skuli hafa í huga að dýr eru ekki hlutir heldur skyni gæddar verur.*

### 3. Viðbrögð Matvælastofnunar við ályktunum fagraðs um velferð dýra.

*Umræður um framsetningu ályktana fagraðsins á heimasíðu Matvælastofnunar og viðbrögð hennar.*

Bókun Guðrúnar Birnu Brynjarsdóttur ftr. Bændasamtaka Íslands, Önnu Berg Samúelsdóttur ftr. DÍS, Katrín Andrésdóttur, ftr. DÍ og Henry Alexander Henryssonar ftr. Siðfræðistofnunar HÍ:

*Gerð er krafa um að Matvælastofnun birti ályktanir fagraðsins í heild sinni á heimasíðu stofnunarinnar sem frétt, án þess að þær séu hlutaðar niður með skýringum hennar.*

*Beðið er um að eldri frétt um fundargerð fagraðs um velferð dýra frá 8. febrúar sl. sé tekin af síðunni og ályktanir ráðsins verði birtar einar og sér. Starfsmanni falið að koma bókuninni og meðferð við birtingu ályktana til yfirstjórnar Matvælastofnunar.*

#### 4. Vinnureglur fagraðs – endurskoðun.

*Málinu frestað. Ákveðið að hefja endurskoðun um vinnureglur meðal nefndarmanna. Guðrúnu Birnu falið að koma vinnunni á stað.*

#### 5. Önnur mál.

Bókun Guðrúnar Birnu Brynjarsdóttur ftr. Bændasamtaka Íslands

*Óskað er eftir staðfestingu formanns fyrir heimsókn til Artic LABS til að skoða aðstöðu og kynnast starfseminni.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:43. Næsti reglulegi fundur Fagraðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 22. mars 2023.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.